**4. nóvember 2026**

# Tilkynning frá Aðföngum
# vegna innköllunar á Bónus Vanilludropum

Með hliðsjón af velferð neytenda hafa Aðföng, að höfðu samráði við Bónus og H-Berg ehf, ákveðið að taka úr sölu og innkalla **Bónus Vanilludropa**. Innköllunin varðar allar best fyrir dagsetningar og er tilkomin vegna óstaðfests gæðaflokks hráefnis í vörunni.

Varan hefur verið tekin úr sölu í verslunum.

**Upplýsingar um vöruna:**
**Vörumerki:** *Bónus*
**Vöruheiti:** *Bónus Vanilludropar*
**Nettómagn:** *50ml glas, 500ml brúsi og 1 lítra brúsi*
**Umbúðir:** *Gler og plast.*
**Strikamerki:** *5694311960143, 5694311960341, 5694311960150*
**Best fyrir dagsetning:** *Allar*
**Lotunúmer:** *Öll*
**Geymsluskilyrði:** *Þurrvara*
**Framleiðandi:** *Framleitt af H-Berg ehf. Í Hafnarfirði*
**Dreifing:** *Verslanir Bónus*

Viðskiptavinum Bónus sem keypt hafa vöruna er ráðið frá því að nota hana og er bent á að þeir geta skilað henni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. Aðföng biður viðskiptavini Bónus sem kunna að hafa orðið fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga í síma 530-5600 eða í gegnum netfangið gm[at]adfong.is

